

Fundur svæðisráðs mánudaginn 25. september 2017 kl. 15.00, Fjölheimum á Selfossi
Mætt: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð. Hákon Gunnarsson og Heiða Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá fundarins:

1. Fréttir af stjórnarfundi – One kerfið o.fl.
2. Fjármál – fjárbörf vestursvæðis 2018 og áætlaður rekstrarrámmi
3. Breytingar á reglugerð nr. 608/2008 – til yfirlustrar og mögulegra athugasemda (er í fylgiskjali)
4. Vonarskarð – fréttir af framvindu mála og næstu skref
5. Önnur mál

Formaður setti fund og bað þjóðgarðsvörð að rita fundargerð. í framhaldi af því spunnust umræður um að enn vantar nokkrar af fyrstu fundargerðum svæðisráðsins inn á heimasíðu þjóðgarðsins. Nauðsynlegt er að finna þær og komast að því hversu margir fundir voru haldnir þessi fyrstu ár svo hægt sé að hafa fundargerðirnar númeraðar. Ákveðið að Fanney setji sig í samband við Elínu Heiðu sem gegndi formennsku í svæðisráði á þessum árum. Þeir meðlimir svæðisráðsins sem voru starfandi á þessum tíma ætla líka að skoða í sínar hirslur.

Gengið til dagskrár.

1. Fréttir af stjórnarfundi:

Ásta Berghildur fer yfir helstu mál frá stjórnarfundi þann 19.9 sl.

- Framundan er að garðurinn taki upp One skjalastjórnunarkerfið og stefnt er að því að þjóðgarðsverðir fái kynningu á því á næstunni. Þá munu þeir bera ábyrgð á að boða alla fundi í gegnum kerfið og setja fundargerðir þar inn.
- Farið var yfir vinnu við breytingar á reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð sem eru í vinnslu í Umhverfisráðuneytinu. Fyrir fundinum liggja drög að breytingum á reglugerðinni og er stjórnarmönnum gefinn frestur til 1.október 2017 til þess að koma athugasemdum til formanns, sem mun taka saman athugasemdir og skila inn fyrir hönd stjórnar. Reglugerðin er til skoðunar undir 3. lið dagskrár.
- Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir framlög til þjóðgarðsins í nýju frumvarpi til fjárlaga fyrir 2018. Niðurskurði til þjóðgarðsins sem var árið 2017 er viðhaldið í frumvarpinu. Stjórn fól framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að senda áætlaðan rekstrarrámma hvers svæðis til viðkomandi þjóðgarðsvarðar, með samanburði við yfirstandandi ár. Rámminn verði tekinn fyrir í svæðisráðum fyrir 1.október.
- Farið var yfir drög að reglum stjórnar. Stjórn samþykkti einróma framlögð drög að reglum stjórnar og fól framkvæmdastjóra að senda þær í umhverfis- og auðlindaráðuneytið til kynningar í Stjórnartíðindum.
- Yfirlit yfir starf sumarsins hjá þjóðgarðinum. Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður á norðursvæði og Fanney fóru yfir samantekt þjóðgarðsvarða á gestafjöldi og almennt starfinu í þjóðgarðinum í sumar. Ásta Berghildur bendir á að svona kynning sé ákaflega gagnleg og ber fram hugmynd um að þjóðgarðsvörður kynni starfið á vestursvæði á svipaðan hátt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnnum. Tekið vel í það af fundarmönnum.
- Endurskoðun S&V er á lokametrinum.

- Á dagskrá skv. ósk svæðisráðs vestursvæðis. Fanney fór yfir tímaröð helstu ákvarðana og atburða varðandi endurupptöku málefna Vonarskarðs í kjölfar bréfs frá ráðherra þess efnis. Allnokkrar umræður og formenn svæðisráðanna leggja áherslu á að málefni Vonarskarðs séu á forræði vestursvæðis. Stjórn felur formanni stjórnar og þjóðgarðsverði á vestursvæði að leggja fram á næsta stjórnarfundi drög að greinargerð til ráðherra varðandi afgreiðslu stjórnar á málefnum Vonarskarðs. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

2. Fjármál – fjárbörf vestursvæðis 2018 og áætlaður rekstrarrammí

Rekstrarramminn frá fjármálastjóra ekki kominn. Fanney kynnti yfirlit yfir starfsmannabörf næsta árs. Þar er lagt upp með svipaðan fjölda vakta á hálendinu og verið hefur, að mestu 10 tíma vaktir, en minnkun á yfirvinnu með færri vöktum á hvern starfsmann. Þannig verði í raun 3 landverðir bak við rekstur hverra tveggja manna starfsstöðvar. Varðandi Skaftárstofu er lagt upp með opnun allt árið enda ekki verjandi að henni sé lokað yfir veturinn þegar ferðamenn hafa lítinn sem engan annan aðgang að upplýsingum á svæðinu. Svæðisráð tekur undir þessar áherslur og lýsir miklum áhyggjum yfir því að ekki sé hægt að hafa Skaftárstofu opna nú fram að áramótum. Opnun gestastofunnar er afar mikið öryggisatriði og nauðsynlegt að ferðamenn á svæðinu hafi aðgengi að upplýsingum.

3. Breytingar á reglugerð nr. 608/2008.

Engar athugasemdir komu fram.

4. Vonarskarð – fréttir af framvindu mála og næstu skref

Fanney afhenti fundarmönnum nokkuð ítarlega samantekt á málefnum Vonarskarðs undanfarin ár og lagði fram drög að greinargerð til ráðherra. Drögin á eftir að leggja undir formann stjórnar skv. ákvörðun stjórnarfundar. Það verður gert seinna í vikunni og stefnt að því að þau verði send fundarmönnum fyrir 1. október. Fundarmenn sáttil við drögin og fagna því að málið verði afgreitt á næsta fundi.

5. Önnur mál:

- Varðandi ONE kerfið – Svæðisráð þarf að vera búíð að tiltaka fundarstaði (einn eða fleiri), tímalengd funda og hversu oft og hvenær þeir eiga að vera, svo hægt sé að setja upp grind fyrir fundina. Ráðið stefnir að 6-8 fundum á ári, að jafnaði í fyrstu viku hvers mánaðar. Fundarstaðir eru Skaftárhreppur og Ásahreppur og gert ráð fyrir að fundirnir séu um tveir tímar í hvert sinn.
- Ráðningarsamningur aðstoðarþjóðgarðsvarðar rennur út um áramót. Því þarf að auglýsa stöðuna í haust. Fanney býr til auglýsingu og ber undir svæðisráð. Stefnt að því að auglýsa í nóvember.
- Svæðisráð ætlar að senda erindi til sveitarstjórnar varðandi ákall um að hlaupa undir bagga með rekstur Skaftárstofu út árið. – Fanney setur saman erindi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00